

Austurbrú ses.
Ársreikningur 2025

Austurbrú ses.
Tjarnarbraut 39e
700 Egilsstaðir

Kt. 640512-0160

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Austurbrú sjálfseignarstofnun (ses) er stofnuð á grunni þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands. Stofnfundur stofnunarinnar var þann 8. maí 2012 og tók Austurbrú ses., þann 1. júní 2012 yfir starfsemi, eignir og skuldbindingar þessara stofnana og félaga og daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA).

Tilgangur Austurbrúar ses. er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og veita samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Austurbrú ses. er í forsvari fyrir þróun atvinnulífs, samfélags, stjórnsýslu háskólanáms, símenntunar, rannsókna, þekkingar- og menningarstarfs á Austurlandi.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur stofnunarinnar 595 millj. kr. á árinu. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 1,9 millj. kr á árinu. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 514 millj. kr. og eigið fé í árslok var jákvætt sem nam 119 millj. kr. Skuldir og skuldbindingar nema 394 millj. kr. og þar af nema skammtímaskuldir 394 millj. kr.

Í ársreikningnum eru upplýsingar um mat á helstu eignum stofnunarinnar og er vísað til ársreikningsins um ráðstöfun rekstrarniðurstöðu og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stofnfé Austurbrúar ses. er 1,6 millj. kr. og skiptist upphaflega á þrjátíu og tvo stofnendur sem hver um sig lagði fram 50 þús. kr. stofnframlag. Frá stofnun hefur stofnaðilum fækkað með sameiningum þeirra og eru í árslok þrjátíu talsins.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Austurbrúar ses. hafa í dag rætt ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2025 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Austurlandi, / 2026

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Austurbrúar ses.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Austurbrúar ses. („félagið“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga á Íslandi. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Austurlandi, / 2026

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Framlög	9	221.332.743	204.124.384
Aðrar tekjur	10	374.064.331	319.237.662
		<u>595.397.074</u>	<u>523.362.046</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	11	395.574.732	334.277.581
Annar rekstrarkostnaður		213.018.361	191.672.605
Afskriftir	12	3.486.834	3.381.713
		<u>612.079.927</u>	<u>529.331.899</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(16.682.853)	(5.969.853)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		24.020.504	17.744.899
Vaxtagjöld		(5.467.434)	(4.012.582)
		<u>18.553.070</u>	<u>13.732.317</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	15	<u><u>1.870.217</u></u>	<u><u>7.762.464</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	2025	2024
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	12	16.212.382	5.720.135
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	13	1.205.000	1.205.000
Fastafjármunir		<u>17.417.382</u>	<u>6.925.135</u>
Viðskiptakröfur	14	57.096.790	71.076.314
Aðrar skammtímakröfur		3.683.835	7.623.961
Handbært fé	7	435.402.232	298.570.128
Veltufjármunir		<u>496.182.857</u>	<u>377.270.403</u>
Eignir samtals		<u>513.600.239</u>	<u>384.195.538</u>
Eigið fé			
Stofnfé		1.600.000	1.600.000
Óráðstafað eigið fé		117.785.556	115.915.339
Eigið fé	15	<u>119.385.556</u>	<u>117.515.339</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		61.617.149	42.378.894
Fyrirframinnheimtar tekjur	8	241.580.989	164.569.274
Aðrar skammtímaskuldir		91.016.545	59.732.031
Skammtímaskuldir		<u>394.214.683</u>	<u>266.680.199</u>
Skuldir samtals		<u>394.214.683</u>	<u>266.680.199</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>513.600.239</u>	<u>384.195.538</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða ársins	15	1.870.217	7.762.464
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna	(	1.666.000)	(1.374.810)
Afskriftir	12	3.486.834	3.381.713
Sölutap eignarhluta í öðrum félögum		0	238.742
Veltufé frá rekstri		<u>3.691.051</u>	<u>10.008.109</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		17.919.650	(26.425.873)
Skammtímaskuldir, hækkun		<u>127.534.484</u>	<u>83.662.418</u>
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		<u>145.454.134</u>	<u>57.236.545</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>149.145.185</u>	<u>67.244.654</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	12	(15.513.081)	(919.563)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		3.200.000	1.670.000
Söluverð eignarhluta í öðrum félögum		0	261.258
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(12.313.081)</u>	<u>1.011.695</u>
Hækkun á handbæru fé		136.832.104	68.256.349
Handbært fé íársbyrjun		<u>298.570.128</u>	<u>230.313.779</u>
Handbært fé í árslok		435.402.232	298.570.128

Skýringar

1. Stofnunin

Austurbrú er sjálfseignarstofnun (ses) sem stofnuð var á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands.

Stofnunin starfar á grundvelli skipulagsskrár sem samþykkt var á stofnfundi þann 8. maí 2012 og ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Innlausn tekna

Tekjur af framlögum eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við samninga stofnunarinnar við ríki, sveitarfélög og aðra aðila. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu á uppgjörsteggi.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Bifreiðar	3 - 5 ár
Skrifstofubúnaður	3 ár

5. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni virðisrýrnun, ef við á.

6. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

7. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

8. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur vegna samningsbundinna verkefna námu 241,6 millj. kr. í árslok 2025 og er sú fjárhæð færð meðal skammtímaskulda.

9. Framlög

Framlög greinast þannig:

	2025	2024
Framlög frá Ríkissjóði Íslands til menntamála	133.000.000	116.800.000
Framlög frá Byggðastofnun	35.034.671	34.680.100
Framlög frá Ferðamálastofu	29.000.000	22.000.000
Framlög frá sveitarfélögum	24.298.072	30.644.284
Framlög samtals	221.332.743	204.124.384

Skýringar

10. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:

	2025	2024
Tekjur vegna háskóla og rannsókna	30.057.981	18.470.085
Tekjur vegna símenntunar	110.584.024	89.262.461
Tekjur vegna atvinnuþróunar og markaðsmála	84.401.105	86.443.634
Tekjur vegna sóknaráætlunar og sjóða	80.281.975	64.666.000
Tekjur vegna umsýslu SSA	43.636.556	35.731.824
Aðrar tekjur	25.102.690	24.663.658
Aðrar tekjur samtals	374.064.331	319.237.662

11. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2025	2024
Laun	299.861.700	248.689.023
Mótframlag í lífeyrissjóð	40.233.267	33.322.770
Önnur launatengd gjöld	30.373.656	24.940.057
Áfallið orlof, breyting	20.650.665	20.117.807
Annar starfsmannakostnaður	4.455.444	7.207.924
Laun og launatengd gjöld samtals	395.574.732	334.277.581
Fjöldi starfsmanna í árslok	27,0	22,0
Fjöldi stöðugilda í árslok	26,3	21,9
Ársverk	23,51	20,25
Laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra og stjórnar	29.053.026	29.101.477

12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Bifreiðar	Skrifstofu- búnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2024.....	12.850.000	9.865.400	22.715.400
Viðbót á árinu	0	919.563	919.563
Selt á árinu	(2.600.000)	(2.048.145)	(4.648.145)
Heildarverð 31.12.2024.....	10.250.000	8.736.818	18.986.818
Viðbót á árinu	8.690.000	6.823.081	15.513.081
Selt og niðurlagt á árinu	(5.900.000)	0	(5.900.000)
Heildarverð 31.12.2025.....	13.040.000	15.559.899	28.599.899
Afskrifað samtals 1.1.2024.....	7.423.554	6.814.372	14.237.926
Afskriftir færðar út við sölu	(2.304.810)	(2.048.145)	(4.352.955)
Afskriftir ársins	1.732.256	1.649.457	3.381.713
Afskrifað samtals 31.12.2024.....	6.851.000	6.415.683	13.266.683
Afskriftir færðar út við sölu og niðurfærslu	(4.366.000)	0	(4.366.000)
Afskriftir ársins	1.419.000	2.067.834	3.486.834
Afskrifað samtals 31.12.2025.....	3.904.000	8.483.518	12.387.518
Bókfært verð 31.12.2024.....	3.399.000	2.321.135	5.720.135
Bókfært verð 31.12.2025.....	9.136.000	7.076.381	16.212.382
Afskriftahlutföll	20%-33%	33%	

Skýringar

13. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	2025	
	Nafnverð	Bókfært verð
Þekkingarsetur, stofnframlag	200.000	200.000
Gunnarsstofnun, stofnframlag	140.000	140.000
Kornfélagið, eignarhlutur	200.000	200.000
ÞróA ehf., eignarhlutur	500.000	665.000
Starfsendurhæfing Austurlands	0	100.000
Niðurfærsla eignahluta	0	(100.000)
	1.040.000	1.205.000

14. Niðurfærsla viðskiptakrafna

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

	2025	2024
Niðurfærsla í ársbyrjun	5.192.462	4.202.464
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu	630.069	989.998
Niðurfærsla í árslok	5.822.531	5.192.462

15. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2024.....	1.600.000	108.152.875	109.752.875
Hagnaður ársins.....	0	7.762.464	7.762.464
Eigið fé 31.12.2024.....	1.600.000	115.915.339	117.515.339
Hagnaður ársins.....	0	1.870.217	1.870.217
Eigið fé 31.12.2025.....	1.600.000	117.785.556	119.385.556

16. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í stjórn stofnunarinnar auk æðstu stjórnenda eru skilgreindir sem tengdir aðilar stofnunarinnar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.